



Þing Fimleikasambands Íslands

Haldið í fundarsal ÍSÍ, Engjavegi, Reykjavík

4. maí 2013

ÞINGGERÐ

Efnisyfirlit

1	Þingsetning og staðfesting lögmætis þingsins.	3
3	Afhending kjörbréfa. Kjörbréfanefnd hefur störf.	3
4	Ávörp gesta.	3
5	Álit kjörbréfanefndar borið undir atkvæði.	4
6	Fundargerð síðasta þings lögð fram til staðfestingar.	4
7	Kosning formanna starfsnefnda þingsins.	5
8	Formaður leggur fram skýrslu stjórnar og fastanefnda.	5
9	Áritaðir reikningar sambandsins lagðir fram og skýrðir.	8
10	Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.	8
11	Skýrsla stjórnar og reikningar bornir undir atkvæði.	8
12	Stjórn leggur fram tillögu að starfsáætlun til næstu tveggja ára og vísar til fjárhagsnefndar.	9
13	Stjórn leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun til næstu tveggja ára og skal henni vísað til fjárhagsnefndar.	9
14	Kynntar breytingar á lögum sambandsins og tillögur sem liggja fyrir þinginu og þeim vísað til umsagnar viðeigandi starfsnefnda þingsins.	9
15	Starfsnefndir þingsins taka til starfa.	11
16	Formenn starfsnefnda gera grein fyrir störfum nefnda.	12
17	Atkvæðagreiðsla um tillögur úr nefndum.	12
18	Kosningar.	27
19	Önnur mál.	28
20	Ávarp formanns.	29
21	Þingslit.	29

1 Þingsetning og staðfesting lögmætis þingsins.

1.1 Þingsetning

Formaður Fimleikasambands Íslands, Þorgerður Diðriksdóttir, bauð alla fundarmenn velkomna til fimleikaþings 2013. Bað þingmenn að minnast látins féлага Lovísu Einarsdóttur sem lést á þessu ári. Lovísa vann mikið og óeigingjarnt starf fyrir fimleikahreyfinguna og fékk fyrir það viðurkenningu, var heiðursfélagi ÍSÍ og hlaut íslensku Fálkaorðuna, Riddarakross, sem forseti Íslands veitir fyrir vel unnin störf í þágu þjóðarinnar, einstakra þjóðfélagshópa eða landshluta, eða í þágu mikilvægra og góðra málefna á Íslandi eða á alþjóðavettvangi, hana hlaut Lovísa árið 2008 fyrir framlag til almenningsíþróttar. Formaður bað fundargesti að standa upp og minnast hennar í örstuttri þögn. Ræddi mikilvægi fimleika og að vel sé að starfinu staðið. Þakkaði góða mætingu og setti þingið.

2 Kjör þingforseta, þingritara og þriggja manna kjörbréfanefndar.

2.1 Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður FSÍ lagði fram tillögu um Sigríði Jónsdóttur sem þingforseta og Kristínu Björk Hilmarsdóttur og Berglindi Steinsdóttur sem þingritara. Tillagan samþykkt samhljóða.

2.2 Staðfest lögmæti fundarins

Þingforseti þakkar traustið fyrir sína hönd og fundarritara og býður fundarmenn velkomna. Staðfestir að þingið sé lögmætt og boðað hafi verið til þess með löglegum hætti með tveimur fundarboðum og á réttum tíma. Engar athugasemdir gerðar varðandi fundarboðið og þingið því lýst lögmætt. Forseti vonar að þingið verði starfsamt.

2.3 Kosning kjörbréfanefndar - athugað kjörgengi fundarmanna

Í kjörbréfanefnd eru kjörnir: Jón Þór Ólason, Jón Finnbogason og Þór Ólafsson. Þeir fara afsíðis í stutta stund og meta kjörbréf þeirra sem mættir eru á þingið.

3 Afhending kjörbréfa. Kjörbréfanefnd hefur störf.

Þingforseti afhendir kjörbréfanefnd kjörbréf frá 7 héraðs- og íþróttabandalögum. En samkvæmt lögum FSÍ eiga 17 héraðs- og íþróttabandalög rétt til að senda inn kjörbréf.

4 Ávörp gesta.

4.1 Afhending viðurkenninga

Formaður FSÍ, Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, óskaði eftir að taka til máls með heimild fundarstjóra og kallaði heiðursféлага Birnu Björnsdóttur upp, og afhenti henni viðurkenningu

fyrir vel unnin störf fyrir FIG. Á síðasta ári eða í október 2012 var haldið þing FIG og bauð Birna sig fram til áframhaldandi starfa fyrir FIG. En Birna hefur starfað sem fulltrúi Íslands í FIG Council. Því miður náði Birna ekki kjöri að þessu sinni. En fyrir óeigingjarnt starf í þágu fimleika í heiminu þá var FSÍ sent eftirfarandi bréf „At the time of our last Congress in Cancun (MEX) in October 2012, the assembly confirmed their agreement to testow the proposed honorary distinctions on the concerned people. Therefore is is our pleasure to send you herewith the FIG bronze recognition mekal, and we kindly ask you to please hand it over to Ms Birna Gjornsdottir, former FIG Council member, on occasion of a forthcoming official event, which will be organized by your Federation. Thanking you in advance for your precious cooperation, we remain, Yours Sincerely, Brundi Grandi FIG President, André F. Gueisbuhler, FIG Secretary General.“ Birna þakkaði fyrir sig.

4.2 Ávörp gesta

Forseti ÍSÍ, Ólafur Rafnsson, og Gunnar Bragason gjaldkeri framkvæmdarstjórnar ÍSÍ, voru gestir þingsins. Ólafur Rafnsson flytur kveðjur ÍSÍ og óskar fimleikahreyfingunni til hamingju með vel unnið starf. Talar um kröftuga grasrót sem hreyfingin býr yfir. Þakkar fyrir góð samskipti við fimleikasambandið og hælir Þorgerði fyrir virk og góð störf fyrir málstað Íþróttahreyfingarinnar. Talar um að fimleikahreyfingin sé að verða stórt samband og að því fylgi vissulega vaxtaverkir og hvetur fólk að standa við bakið á forystu sambandsins. Segir þetta endurspeglast í fjármálum, en allt innan góðra marka. 80 milljóna velta er mikið. Evrópumót í fimleikum sé á næsta ári og því tilvalið að efla fimleikahreyfinguna enn meira. Lýsir yfir trú á stjórninni og segir ÍSÍ munu styðja við bakið á þessu verkefni. Telur mikilvægt að stefna að því markmiði að Íslendingar verði þátttakendur í fimleikum á Ólympíuleikum framtíðarinnar. Þakkar fyrir sig og hlakkar til að eiga áframhaldandi samskipti við fimleikahreyfinguna.

5 Álit kjörbréfanefndar borið undir atkvæði.

5.1 formaður kjörbréfanefndar gerir grein fyrir fjölda þingfulltrúa

Jón Finnbogason gerði grein fyrir störfum kjörbréfanefndar eftir að hafa yfirfarið og staðfest þau kjörbréf sem lágu fyrir. Kjörbréf voru frá 7 héraðs- og íþróttabandalögum, og voru 89 af 128 mögulegum þingfulltrúum mættir og löglegir fulltrúar á þinginu. Ef kemur til kosninga verða fulltrúa hvers héraðssambands afhentir atkvæðaseðlar og farið yfir mætingu.

6 Fundargerð síðasta þings lögð fram til staðfestingar.

6.1 Fundargerð síðasta þings.

Fundargerð síðasta þings sem haldið var á Grand hótél 18. febrúar 2012 var send formönnum félaga og liggur hér frammi. Hefur einnig verið aðgengileg á netinu frá síðasta fundi. Fundargerð síðasta þings staðfest og samþykkt einróma.

7 Kosning formanna starfsnefnda þingsins.

7.1 Þingforseti lagði fram tillögu um formenn starfsnefnda þingsins.

Kosning formanna starfsnefnda þingsins:

a)	Tækninefnd kvenna	Sandra Matthíasdóttir
b)	Tækninefnd karla	Magnús Heimir Jónasson
c)	Tækninefnd í hópfimleikum	Auður Inga Þorsteinsdóttir
d)	Nefnd um fimleika fyrir alla	Hlíf Þorgeirsdóttir
e)	Fræðslunefnd	Erla Ormarsdóttir
g)	Laganefnd	Jón Finnbogason
h)	Fjárhagsnefnd	Helgi Jóhannesson
i)	Allsherjarnefnd	Arnar Ólafsson
j)	Mótanefnd	Sólveig Jónsdóttir

Tillaga um formenn starfsnefnda þingsins samþykkt samhljóða.

8 Formaður leggur fram skýrslu stjórnar og fastanefnda.

8.1 Skýrsla stjórnar.

Þorgerður Diðriksdóttir formaður fór yfir skýrslu stjórnar og gerði þannig grein fyrir störfum Fimleikasambandsins síðastliðið ár. Sjá framlagða ársskýrslu FSÍ.

Auk Þorgerðar sátu í stjórn Arnar Ólafsson varaformaður, Friðbjörn Möller gjaldkeri, Einar Ólafsson ritari og Jósep Húnfjörð meðstjórnandi. Helgi Jóhannesson var ráðinn til starfa sem framkvæmdastjóri í mars 2012 og Sólveig Jónsdóttir sviðstjóri landsliðsmála FSÍ í desember 2012.

Þorgerður minnst þess óeigingjarna starfs sem unnið hefur verið í fimleikahreyfingunni á umliðnum árum. Ræddi um að fimleikahreyfingin standi á sterkum stöðum sem byggðar hafa verið upp til margra ára, af sjálfboðaliðum, í aðildarfélögum og innan fimleikasambandsins.

Þakkar fyrir. Þorgerður segir stöðin nær gilega styrkar til að hægt sé að byggja ofan á og finna um leið leiðir til að horfa fram á veginn. Segir að mannauðinn og kraftinn í fimleikahreyfingunni megi m.a. finna í verðskuldaðri athygli erlendis. Til vitnis um það hafi okkur verið treyst til þess að halda Evrópumót í fimleikum árið 2014.

Þorgerður segir fimleikahreyfinguna stóra á íslenskan mælikvarða, einnig á mælikvarða erlendra fimleikahreyfinga. Ræðir um að það komi hvað best fram í víðtækri þátttöku barna og ungmenna sem stunda fimleika á Íslandi. Segir fimleikahreyfinguna taka þátt í uppeldi, menntun og þroska æskunnar. Að á vettvangi félaganna sé unnið merkilegt forvarnarstarf, enda hafi verið sýnt fram á að ungmenni sem stunda íþróttir verða síður fíkniefnum og annarri áhættu hegðun að bráð.

Ræðir um að fimleikahreyfingin sé í vaxandi mæli fulltrúi Íslands á alþjóðavettvangi. Við eigum keppendur sem skara framúr og séu því öflugar fyrirmyndir, sem beri hróður okkar víða. Aldrei fyrr hafi jafn margir fylgst með og dáðst að íslensku fimleikafólki. Segir Evrópumótið í hóp fimleikum 2012 stærsta einstaka landsliðsverkefni sem Fimleikasamband Íslands hefur ráðist í. Árangur sem náðist á Evrópumótinu sé samspil margra þátta; góðra íþróttamanna, góðs undirbúnings, frábærra þjálfara en ekki síst gríðarlega mikillar samvinnu allra sem koma að málinu. Segir með góðri samvisku að margra ára vinna allra aðildarféлага sem komið hafa að uppbyggingu fimleika á Íslandi hafi alið af sér þennan frábæra árangur, sem skilaði þjóðinni allri ánægju, stolti og gleði.

Þorgerður segir vandaverk að veita slíkri hreyfingu forystu og leiðsögn, en FSÍ hafi notið þess að hafa í sínum röðum úrvalssveit fólks sem með fórnfúsu starfi hefur leitt samtökin inn á nýjar brautir og lagað íþróttaiðkun að breyttum tímum. Hún segir íþróttastarf er ekki aðeins vettvang keppni heldur einnig vaxandi þátt í heilbrigðiskerfi og lífsgæðum samfélagsins.

Formaður þakkar stjórnarmönnum FSÍ, starfsfólki, öllum nefndarmönnum FSÍ, stjórnarmönnum í Afrekssjóði FSÍ, sjálfboðaliðum féлага á mótum sambandsins, stjórnnum aðildarféлага/deilda, starfsmönnum og öðrum þeim sem hafa komið að mótum sambandsins eða viðburðum fyrir frábær störf á árinu. Þakkar einnig samstarfsaðilum sambandsins: TM, Arionbanka, Mílanó og Fimleikum ehf fyrir stuðning í verki. Segir að án þessara aðila væri Fimleikasambandið ekki sú fjöldahreyfing sem hún er.

8.2 Fræðslunefnd

Guðmundur Þór Brynjólfsson formaður fræðslunefndar flutti skýrslu fræðslunefndar. Aðrir nefndarmenn: Bjarni Gíslason, Olah Istvan, Sesselja Järvela og Þröstur Hrafnsson.

Héldu 1a námskeið fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í þjálfun, þurfti að halda tvö svoleiðis námskeið. Vandamálið er að halda í þjálfarana og fá þá upp á stig 2 og alltaf séu töluvert færri á þeim námskeiðunum. Lítið um námskeiðahald í janúar. Alþjóðlegu og

landsdómanámskeið tóku allar helgarnar og fá námskeið voru á vorin vegna prófa. Ætluðu að halda námskeið í kóreógrafíu en það forfallaðist og verður gert næst. Þakkar fyrir.

8.3 Nefnd um fimleika fyrir alla

Hlíf Þorgeirsdóttir gerði grein fyrir störfum nefndar um fimleika fyrir alla. Aðrir nefndarmenn: Sæunn Viggósdóttir, Helga Bára Bartels Jónsdóttir og Guðrún Tryggvadóttir.

Nefndin skipulagði för stúlkna á Eurogym þar sem komu saman 5000 ungmenni. Íslensku stúlkurnar stóðu sig mjög vel og voru valdar af UEG til að taka þátt í Galakvöldi sem er mikill heiður.

Golden age er fyrir fimleikaunnendur 50 ára og eldri. 2000 þátttakendur tóku þátt í hátíðinni en tveir hópar fóru frá Íslandi. Annar íslenski hópurinn var valinn til að taka þátt í Galasýningu.

FFA hefur undanfarin ár reynt að koma á fót nýrri sýningakeppni FIMLEIKALÍF. Þann 1. Maí 2013 fór FIMLEIKALÍF fram fyrir fullu húsi í Fjölnishúsi. Þátttakendur voru á aldrinum 9-80 ára. Nefndin vill hvetja öll félög að taka þátt að ári. Fyrirmyndin að FIMLEIKALÍFI er Gym for life sem var haldið í fyrsta skipti árið 2009 í Austurríki en verður haldin í Cape Town í Afríku nú í sumar.

Nefndin fór í smá kynningarherferð, hringdu í öll félög á landinu og kynntu fyrir þeim það sem í boði er og fengu að vita hvað þau væru að gera í fimleikum fyrir alla. Nefndin bjó til kynningarbækling og sendi þá til allra félaga og báðu þau að dreifa til allra þjálfara.

Í sumar stendur til að senda þjálfara á kóreógrafíu námskeið erlendis, aðeins tveir þjálfarar eru skráðir, frá Ármanni. Stefnt er á að fara með stóran hóp á EUROGYM og á Golden Age 2014.

Gymnaestrada verður haldin í Helsinki í Finnlandi árið 2015 og er stefnt á að fara með hópa þangað líka. Kynningarfundir fyrir Golden Age og Gymnaeströdu verður haldinn í haust.

Mikil uppbygging í starfi UEG, FIG í fimleikum fyrir alla og er FSÍ þar enginn eftirbátur. Nefndin hvetur félög til frekari þátttöku í þessum hátíðum. Fimleikar eru fyrir alla og margt er í boði. Nefndin er tilbúin að aðstoða alla en bíður nú eftir því að forsvarsmenn félaganna taki sér tak og hafi samband.

8.4 Tækninefnd kvenna

Halla Karí Hjaltsted flutti skýrslu fyrir hönd nefndarinnar. Aðrir nefndarmenn Auður Ólafsdóttir, Hildur Ketilsdóttir, Sandra Matthíasdóttir og Tinna Rut Traustadóttir. Innlend mót voru helstu verkefni tækninefndar kvenna í vetur. Vísar í skýrslu nefndar. Þakkar fyrir

nefndina og segir verkefnið hafa verið skemmtilegt og krefjandi. Hvetur fleiri til þess að hafa samband með spurningar og ábendingar frá félögunum.

8.5 *Tækninefnd karla*

Vísað er í skýrslu TK sem er í ársskýrslunni.

8.6 *Tækninefnd í hópfimleikum*

Íris Svavarsdóttir flutti skýrslu tækninefndar í hópfimleikum, Íris Svavarsdóttir kosin á fimleikabingi 2012, og hefur setið flesta stjórnarfundum FSÍ á kjörtímabilinu, með málfrelsi og tillögurétt. Aðrir nefndarmenn voru Auður Inga Þorsteinsdóttir, Niclaes Jerkeholt, Olga Bjarnadóttir, Stefán Pálsson og Zoltan Demeny. Kynnir störf nefndarinnar og vísar í árskýrslu FSÍ. Íris býður góðan dag og setur upp glærusýningu til nánari úrskýringar og vísast til hennar. (Breyting á starfsháttum var þar sem almennir fimleikar komu til. Helstu verkefni voru, að lagðar voru niður landsreglur og teknar voru upp Evrópureglurnar COP, undanþágur voru gerðar fyrir yngri keppendur.)

9 Áritaðir reikningar sambandsins lagðir fram og skýrðir.

9.1 *Reikningar sambandsins lagðir fram*

Helgi Jóhannesson, framkvæmdastjóri FSÍ, lagði fram reikninga sambandsins árið 2012 með álitum skoðunarmanna, sem sjá má í ársskýrslunni.

10 Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.

10.1 *Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins*

Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir óskaði eftir skýringu á hækkun á kaffi og fundarkostnaði og einnig skýringar á verktakagreiðslum og gjaldfærðum áhöldum. Helgi Jóhannesson framkvæmdastjóri FSÍ, skýrir frá að ársþingið á síðasta ári hafi kostað um 800 þúsund krónur og það sé ástæða þess að þingið starfi hér í dag, engin leiga sé greidd hér. Verktakagreiðslurnar eru til verkefnastjóra og eru heildargreiðslur þeirra. Gjaldfærð áhöld voru fartölvur, prentari og skanni sem hann segist munu nýtast næstu árin.

11 Skýrsla stjórnar og reikningar bornir undir atkvæði.

11.1 *Reikningar bornir undir atkvæði*

Reikningar bornir undir atkvæði, samþykktir samhljóða. Skýrsla stjórnar hún var samþykkt samhljóða.

Þingforseti leggur til að þingtillögum verði vísað í starfsnefndir og þær teknar til efnislegrar meðferðar þar. Samþykkt einróma.

12 Stjórn leggur fram tillögu að starfsáætlun til næstu tveggja ára og vísar til fjárhagsnefndar.

12.1 Starfsáætlun vísað í nefnd

Þingforseti leggur fram starfsáætlunina sem liggur frammi með þingskjölum og var sent út á alla þingfulltrúa tveimur vikum fyrir þing. Tillögunni er vísað til fjárhagsnefndar.

13 Stjórn leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun til næstu tveggja ára og skal henni vísað til fjárhagsnefndar.

13.1 Fjárhagsáætlun vísað í nefnd

Þingforseti leggur fram fjárhagsáætlun sem liggur frammi með þingskjölum og var sent út á alla þingfulltrúa tveimur vikum fyrir þing. Tillögunni er vísað til fjárhagsnefndar.

Fjárhagsáætlun er óvenju há árið 2014 vegna þess að Evrópumeistaramótið í hóp fimleikum verður haldið hér á landi. Kostnaður er vegna móta og sýninga erlendis. Varlega farið í tekjur og kostnað vegna Evrópumeistaramótsins.

Skjalinu er vísað í fjárhagsnefnd og kemur aftur til umræðu þegar þingnefndir hafa lokið störfum síðar í dag.

14 Kynntar breytingar á lögum sambandsins og tillögur sem liggja fyrir þinginu og þeim vísað til umsagnar viðeigandi starfsnefnda þingsins.

14.1 Tillögum um lagabreytingar vísað í nefnd

Þingforseti leggur fram þingskjal nr.1 sem liggur frammi með þingskjölum og var sent út á alla þingfulltrúa tveimur vikum fyrir þing. Tillögunni er vísað til laganefndar.

Þingskj	1	Lagabreytingar frá stjórn	Laganefnd
---------	---	---------------------------	-----------

14.2 Teknar fyrir tillögur sem lagðar hafa verið fyrir þingið ásamt almennum umræðum um þær:

Tillögur um að hvernig þingskjölum verði vísað inn í nefndir:

Þingskj	2	Tillaga frá FIMAK varðandi aðgangseyrir a mót	Allsherjarnefnd
Þingskj	3	Tillaga frá FIMAK varðandi dagatal FSÍ	Allsherjarnefnd
Þingskj	4	Tillaga frá FIMAK varðandi deildir innan hópfimleika	THF
Þingskj	5	Tillaga frá FIMAK varðandi dómgæslumál	THF, TKV, TK
Þingskj	6	Tillaga frá FIMAK varðandi keppnir á sunnudögum	Mótanefnd
Þingskj	7	Tillaga frá FIMAK varðandi parkour sem undirgrein	FFA
Þingskj	8	Tillaga frá FIMAK varðandi skráningarfrest á mót	Mótanefnd
Þingskj	9	Tillaga frá FIMAK varðandi útdeilingu móta	Mótanefnd
Þingskj	10	Tillaga frá FIMAK varðandi yfirþjálfarafundi	Fræðslunefnd og tækninefnda
Þingskj	11	Tillaga frá Hetti varðandi aðgangseyrir á mótum FSÍ	Allsherjarnefnd
Þingskj	12	Tillaga frá Hetti varðandi breytingar á reglum	THF
Þingskj	13	Tillaga frá Hetti varðandi dagatal FSÍ	Allsherjarnefnd
Þingskj	14	Tillaga frá Hetti varðandi dreifingu móta	Mótanefnd
Þingskj	15	Tillaga frá Hetti varðandi fjölda iðkenda á mótum FSÍ	Allsherjarnefnd
Þingskj	16	Tillaga frá Hetti varðandi skráningarfrest á mótum FSÍ	Mótanefnd

Þingskj	17	Tillaga frá Selfoss um leiðbeinandi reglur um aðgangseyri	Allsherjarnefnd
Þingskj	18	Tillaga um breytingu á reglugerð um félagaskipti	Laganefnd
Þingskj	19	Tillaga um breytingu þjónustugjalda	Fjárhagsnefnd
Þingskj	20	Tillaga um ráðningu sviðstjóra fræðslumála	allsherjarnefnd
Þingskj	21	Tillaga um stofnun dómaranefndar	allsherjarnefnd
Þingskj	22	Tillaga um stofnun mótanefndar	Allsherjarnefnd
Þingskj	23	Tillaga um viðbót við reglugerð-dómaramál	Fjárhagsnefnd

15 Starfsnefndir þingsins taka til starfa.

15.1 Tillögur um staðsetningu starfsnefnda

Laganefnd	Salur A
Fjárhagsnefnd	Salur B
Alsherjarnefnd	Salur C
Mótanefnd	Salur D
TKV	Salur E
FFA	Salur E

Fræðslunefnd	Salur E
TK	Salur E
THF	Salur E

16 Formenn starfsnefnda gera grein fyrir störfum nefnda.

16.1 Formenn þingnefnda gera grein fyrir störfum nefnda og atkvæði greidd um niðurstöður þeirra

Jón Finnbogason formaður laganeftndar. Sagði í stuttu máli frá vinnu laganeftndar þingsins. Engar meginbreytingar hefðu verið gerðar á tillögum stjórnar, en einhverjar breytingar voru þó gerðar, flestar til að laga það sem hugsanlega hafi misfarist við gerð laganna á síðasta þing.

17 Atkvæðagreiðsla um tillögur úr nefndum.

17.1 Atkvæðagreiðsla um lagabreytingar

- a) Lagt er til að 3 gr. hljóði svo

„Aðild að sambandinu:

Fimleikasamband Íslands er samband fimleikaráða, héraðssambanda og íþróttabandalaga og eru öll félög íþróttahreyfingarinnar, er iðka, æfa og keppa í fimleikum aðilar að FSÍ í gegnum sambandsaðilana.”

3. gr. samþykkt samhljóða (með meira en 2/3 greiddra atkvæða)

- b) Lagt er til að 7. gr. Undirbúningur fimleikafings hljóð svo:

„Undirbúningur fimleikafings

Aðildarfélög skulu tilkynna stjórn FSÍ eigi síðar en þremur vikum fyrir þingsetningu um þær lagabreytingar, tillögur og málefni sem þau óska eftir að verði tekin fyrir á fimleikafingi.

Stjórn FSÍ skal eigi síðar en tveimur vikum fyrir þingsetningu senda aðildarfélögum dagskrá fimleikafings ásamt upplýsingum um viðfangsefni starfsnefnda þingsins, lagabreytingar,

erindi og tillögur sem borist hafa, endurskoðaða reikninga sambandsins og starfs- og fjárhagsáætlun næsta starfsárs.

Ef 2/3 hlutar atkvæðisbærra fulltrúa á þinginu samþykkja skal taka fyrir mál sem borist hafa eftir að dagskrá þingsins var send út. Þetta á þó ekki við um lagabreytingar. Erindi / tillögur sem teknar eru inn samkvæmt framansögðu skal vísað í nefnd en raðast aftast í dagskrá nefndar.“

7. gr. samþykkt samhljóða

c) Lagt er til að 9. gr. Dagskrá fimleikaþings hljóð svo:

Dagskrá fimleikaþings

- 1) *Þingsetning og staðfesting lögmætis þingsins.*
- 2) *Kjör þingforseta, þingritara og þriggja manna kjörbréfanefndar.*
- 3) *Afhending kjörbréfa. Kjörbréfanefnd hefur störf.*
- 4) *Ávörp gesta.*
- 5) *Álit kjörbréfanefndar borið undir atkvæði.*
- 6) *Fundargerð síðasta þings lögð fram til staðfestingar.*
- 7) *Kosning formanna starfsnefnda þingsins. Stjórn FSÍ skal skipa erindum sem berast þinginu til umfjöllunar í starfsnefndir þingsins. Stjórn getur falið fleiri en einni nefnd að fjalla um einstakar tillögur. Heimilt er að eftirtaldar starfsnefndir starfi á þinginu:*
 - *nefnd um áhaldafimleika karla*
 - *nefnd um áhaldafimleika kvenna,*
 - *nefnd um hópfimleika,*
 - *nefnd um almenna fimleika/fimleika fyrir alla,*
 - *fræðslunefnd,*
 - *laga- og reglunefnd,*
 - *fjárhags- og útbreiðslunefnd,*
 - *aðrar nefndir samkvæmt ákvörðun þings hverju sinni.*
- 8) *Formaður leggur fram skýrslu stjórnar og fastanefnda.*
- 9) *Áritaðir reikningar sambandsins lagðir fram og skýrðir.*
- 10) *Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.*
- 11) *Skýrsla stjórnar og reikningar bornir undir atkvæði.*
- 12) *Stjórn leggur fram tillögu að starfsáætlun til næstu tveggja ára og vísar til fjárhagsnefndar.*
- 13) *Stjórn leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun til næstu tveggja ára og skal henni vísað til fjárhagsnefndar.*
- 14) *Kynntar breytingar á lögum sambandsins og tillögur sem liggja fyrir þinginu og þeim vísað til umsagnar viðeigandi starfsnefnda þingsins.*
- 15) *Starfsnefndir þingsins taka til starfa.*
- 16) *Formenn starfsnefnda gera grein fyrir störfum nefnda.*
- 17) *Atkvæðagreiðsla um:*
 - a) *lagabreytingar,*
 - b) *starfsáætlun til eins árs,*

- c) fjárhagsáætlun til eins árs,
 - d) tillögu stjórnar um fjárhæð og fyrirkomulag þjónustugjalda,
 - e) almennar tillögur.
- 18) Kosningar.
 - 19) Kosning fulltrúa á íþróttabing ÍSÍ.
 - 20) Önnur mál.
 - 21) Ávarp formanns.
 - 22) Þingslit.

9. gr. samþykkt samhljóða

d) Lagt er til að 11. gr. Kosning stjórnar hljóði svo:

“Stjórn FSÍ er kosin á fimleikabingi og hafa allir kjörnir þingfulltrúar atkvæðisrétt. Kosning stjórnar skal fara þannig fram:

- a) kosning formanns til eins árs,
- b) kosning fjögurra manna í stjórn til eins árs,
- c) kosning fjögurra manna í varastjórn til eins árs,

Tilkynningar um framboð til formanns FSÍ skulu berast skrifstofu sambandsins minnst tveimur vikum fyrir fimleikabing. Kjörnefnd er þó heimilt að samþykkja framboð sem fram kemur síðar ef nægjanlegur fjöldi hefur ekki tilkynnt framboð sitt innan áðurgreinds frests.

Kosningar til embættisins formanns eða stjórnar FSÍ eru skriflegar og leynilegar nema frambjóðendur séu jafnmargir og kjósa skal. Þeir sem hljóta flest atkvæði eru rétt kjörnir. Fáir fleiri en tveir menn jafnmörg atkvæði skal kjósa á ný um þá. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Þingfulltrúum er ekki skylt að kjósa þann fjölda sem þarf til að fullskipa stjórn.“

Tillagan rædd:

Ingvar Kristinsson hjá Fimleikafélaginu Björk Leggur til að upphaflega tillagan sem send var út um framboðsfrest til stjórnarsetu verði samþykkt, þar sem fram kemur „ að framboð til formanns FSÍ og stjórnar skuli berast skrifstofu sambandsins minnst tveimur vikum fyrir fimleikabing. „ En breytingartillaga sem kom úr laganefnd feld þar sem fram kemur að „framboð til formanns FSÍ skuli berast skrifstofu sambandsins minnst tveimur vikum fyrir fimleikabing.“ felld. Í tillögu frá laganefnd þingsins sé meginbreyting sem feli það í sér að ekki sé ljóst fyrir þing hverjir bjóði sig fram til stjórnarsetu og uppákomur á þinginu sjálfu um jafn viðamikil mál ber að forðast.

Jón Finnbogason formaður nefndar sagði að undirbúningur hefði staðið í meira en ár, sagði erfitt að fá sjálfboðaliða til starfa þannig að það væri brýnt fyrir menn að vita hvort framboði þeirra yrði tekið eða hvort þeim yrði fyrirsjáanlega hafnað. Þessi breyting var ákveðin af laganefndinni, en Jón tekur að vissu leyti undir sjónarmið Ingvars. Jón: Það er gert ráð fyrir

kjörnefnd sem starfar í aðdraganda þings sem á að tryggja framboð í öll embætti. Þegar öll framboð liggja fyrir ætti að vera auðvelt að láta menn vita. (Frammícall: Kjörgögn eru send með fyrirvara.) (Athugasemd úr sal: Kjörgögn eru ekki send með fyrirvara, við vitum ekki. Þrátt fyrir tölvuöld vitum við ekki endilega að framboðsfrestur sé útrunninn. Hún styður að tveggja vikna fyrirvaranum sé haldið.) Fundarstjóri: Ef framboð berast ekki innan tilskilins tíma er frestur framlengdur. Framboð eru engin leyndarmál. Ef til vill hafa orðið mistök sem er þá hægt að leiðrétta. Menn ræða sín á milli um hverja þá vilja styðja til formanns en yfirleitt hafa menn ekki staðið í lange baner og viljað komast í stjórn.

Atkvæði greidd. (meirihlutinn ræður, ekki 2/3)

já: sögðu 44

nei: sögðu 17

Tillagan samþykkt með 44 gegn 17. 11. gr. svo breytt er samþykkt samhljóða

d) Lagt er til að 12 gr. aðra kosningar hljóði svo:

„Kosið er í eftirtaldar nefndir FSÍ á fimleikaþingi og hafa allir kjörnir þingfulltrúar atkvæðisrétt.

Kosning skal fara þannig fram:

- a) tveggja skoðunarmanna reikninga,*
- b) þriggja fulltrúa og þriggja til vara í kjörnefnd,*
- c) þriggja fulltrúa og þriggja til vara í laga- og reglunefnd,*
- d) formanns fræðslu og útbreiðslunefndar*
- e) formanns fimleika fyrir alla*
- f) formanns tækninefndar í áhaldafimleikum karla*
- g) formanns tækninefndar í áhaldafimleikum kvenna*
- h) formanns tækninefndar í hópfimleikum*

Um kosningarnar gilda ákvæði 3. mgr. 11. gr.

Fastanefndir FSÍ eru þær nefndir sem tilgreindar eru í staflidum c) til og með h) lið 2. mgr.“

12. gr. samþykkt samhljóða

e) Lagt er til að 14 gr. Skipan stjórnar FSÍ hljóði svo

„Stjórn FSÍ skipa fimm menn sem kosnir eru á fimleikaþingi. Formaður er kosinn sérstaklega. Kjósa skal fjóra varamenn meðstjórnenda og skulu þeir taka sæti í stjórn í sömu röð og þeir eru kosnir.

Skipan og hlutverk stjórnar skal vera eftirfarandi:

formaður,

fjórir meðstjórnendum sem skipta með sér verkum sem hér segir.

- varaformaður,*
- ritari,*

- gjaldkeri,
- meðstjórnandi

Fastanefndir FSÍ eiga rétt á því að tilnefna einn fulltrúa til setu á hverjum stjórnarfundum FSÍ með málfrelsi og tillögurétt.

14. gr. samþykkt samhljóða

f) Lagt er til að 16 gr. Réttindi hljóði svo

„Til að tryggja að stjórn FSÍ, aðal- og varamenn, framkvæmdastjóri og aðrir launaðir starfsmenn og formenn fastanefnda FSÍ geti fylgst með viðburðum á vegum sambandsins og aðildarféлага, skulu þeir hafa endurgjaldslausan aðgang að öllum fimleikamótum og sýningum sem fram fara innan vébanda FSÍ. Einnig hafa þeir rétt á að sitja aðalfundi aðildarféлага.“

Málið rætt

(Spurning úr sal: Af hverju bara formenn nefnda, ekki allir nefndarmenn? Jón: Erfitt fyrir þá sem eru í miðasölunni að þekkja alla nefndarmenn en flestir þekkja formennina. Svo hafa tekjur af mótahaldi lækkað þannig að það er komið til móts við það sjónarmið. Nefndinni fannst að menn ættu að borga sig inn. Ef öll stjórnin og varamenn geta mætt endurgjaldslaust á viðburði er það verra, svo sitja formenn víðar (í nefndum) en borga fyrir sig. Athugasemd úr sal: Það eru ekki endilega félagsmenn í miðasölu. Óeðlilegt að sjálfboðaliðar sem skipuleggja mótin þurfi að borga sig inn. Önnur athugasemd: Aðalfundir eru opnir. Enn önnur athugasemd: Láta FSÍ vita af aðalfundum.)

Breytingartillaga barst frá Hlíf Þorgeirsdóttur að í stað *formanna fastanefnda komi nefndarmenn fastanefnda FSÍ.*

16. gr. Réttindi hljóði því svo:

„Til að tryggja að stjórn FSÍ, aðal- og varamenn, framkvæmdastjóri og aðrir launaðir starfsmenn og nefndarmenn fastanefnda FSÍ geti fylgst með viðburðum á vegum sambandsins og aðildarféлага, skulu þeir hafa endurgjaldslausan aðgang að öllum fimleikamótum og sýningum sem fram fara innan vébanda FSÍ. Einnig hafa þeir rétt á að sitja aðalfundi aðildarféлага.“

Breytingartillaga samþykkt með þorra greiddra atkvæða gegn þremur.

17. gr. Ábyrgð og starfssvið stjórnar FSÍ, hljóði því svo:

„Stjórn FSÍ ber ábyrgð á starfsemi sambandsins og fer með framkvæmda- og ákvörðunarvald sambandsins milli fimleikabinga í samræmi við samþykktir þingsins.“

Stjórn FSÍ ber ábyrgð á fjármálum sambandsins og hefur endanlegt ákvörðunarvald um verkefni sem kalla á fjárútlát í samræmi við starfs- og fjárhagsáætlun, s.s. þátttöku í erlendum mótum/viðburðum og önnur verkefni sem kalla á sérstakar fjárveitingar. Heimilt er að stofna til fjárútláta vegna tilfallandi verkefna ef þau rúmast innan fjárhagsáætlunar.

Stjórn skipar fastanefndir sambandsins og skulu verkefni þeirra skilgreind í starfsreglum settum af stjórn. Aðildarfélögum er heimilt að senda stjórn tilnefningar um nefndarmenn í fastanefndir sambandsins, sbr. fyriræli 18. gr. um kosningu í fastanefndir. Hver sá sem hefur áhuga á að starfa í nefndum á vegum FSÍ getur einnig gefið kost á sér til nefndarstarfa. Stjórn boðar formannaráðsfundi og skulu formenn allra fastanefnda á vegum FSÍ jafnframt vera boðin þátttaka á fundinum.

Löglega settar reglugerðir, reglur og aðrar löglega teknar ákvarðanir stjórnar FSÍ eru bindandi fyrir stjórn, aðildarfélög og nefndarmenn sambandsins innan þeirra marka sem varða verkefni FSÍ.“

Málið rætt

17. gr. (Spurning úr sal (Berglind Pétursdóttir): Vissu allir af þessum fresti sem ég efast um? Jón: Okkur yfirsást þetta.) Breytingartillaga kom út um að fella út tímaákvæðið. Þorgerður Diðriksdóttir tók undir ábendinguna. Hún sagði að oft væri vandasamt að finna gott fólk í nefndir. Viku fyrir þing er ekki vitað hver verður formaður og ekki hverjir skipa stjórn. Allt er opið, ekki er vitað hverjir verða í kjöri fyrr en á þinginu. Það verða að vera einhverjar leikreglur þannig að fólk geti dregið sig til baka eða haldið framboði sínu til streitu. Hún tekur undir að fella eigi út tímaákvæðið, „eigi síðar en viku fyrir“. (Spurning úr sal: Hverjum á að tilkynna? Þorgerður og Jón: Stjórninni.) Athugasemdir teknar til greina.

17. gr. með áorðnum breytingum samþykkt samhljóða

18. gr. Fastanefndir FSÍ, hljóði því svo:

„Á fyrsta stjórnarfundum eftir fimleikaþing skal kjósa í eftirtaldar fastanefndir sambandsins. Stjórn skal kjósa:

- a) fjögurra manna tækninefnd karla í áhaldafimleikum,*
- b) fjögurra manna tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum,*
- c) fjögurra manna tækninefnd í hóp fimleikum,*
- d) fjögurra manna fræðslu og útbreiðslunefnd,*
- e) fimm manna nefnd um fimleika fyrir alla,*
- f) þriggja manna nefnda um fjáröflunar- og markaðsmál.*

Formenn nefnda í a, b, c, d og e lið 2. mgr. eru kjörnir sérstaklega á fimleikaþingi og koma til viðbótar tilgreindum fjölda nefndarmanna í hverri nefnd fyrir sig.“

18. gr. samþykkt samhljóða

Lögin í heild sinni borin undir atkvæði (þarf 2/3 atkvæða) og þau samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Laganefnd með eitt annað mál, þskj. 18, reglugerð um félagaskipti. Það er í höndum stjórnar FSÍ að setja reglugerðir, ekki fimleikaþings, en laganefnd fékk skjalið til sín. Laganefnd er sammála nálguninni heilt yfir, þó neikvæðir gagnvart því að óheimilt sé að skipta um félag ef viðkomandi er í vanskilum. Óþarft að vera með miklar takmarkanir á því að skipta um félög vegna ógreiddra æfingagjalda. Reglugerðinni er vísað til stjórnar með þessum rökum.

Ingvar Kristinsson er sammála því að varhugavert sé að félagið sem verið er að skipta úr ... vegna þess að menn hafi ekki gert upp við félagið sitt. Svo er með erlenda keppendur, FSÍ hefur enga yfirsýn yfir þá, reglur eru galopnar og þess eru dæmi að menn séu á gráu svæði. Einkum á það við um hópkeppnir. Hverjir hafa raunverulega skipt úr erlendum félögum? Reglur frá ÍSÍ eru mjög stífar varðandi einstaklingsípróttir og miðað við þær er erlendum aðilum óheimilt að keppa í þrjú ár.

Erla frá Fimleikafélagi Akureyrar: Félagaskiptaglugginn er bara opinn í stuttan tíma. Væri ekki vert að hafa hann líka opinn í janúar? Börn í 1. og 2. þrepi ættu að geta skipt um félög líka til dæmis í janúar, þótt það væri bara stuttur tími.

Fundarstjóri: Tillaga komin fram um að vísa reglugerðinni til stjórnar borin undir atkvæði. Hún var samþykkt samhljóða.

17.2 almennar tillögur

a) Allsherjanefnd

Formaður allsherjarnefndar, Arnar Ólafsson gerir grein fyrir störfum nefndarinnar

Við tókum saman tillögur og ákváðum á endanum að senda þær til stjórnar. Þær eru ekki mótaðar.

i) Þskj. 2, 11 og 17 verða afgreidd saman og hljóðuðu á eftirfarandi máta eftir meðferð í nefndinni.

„Þing Fimleikasamband Íslands, haldið 4. maí 2013 í Reykjavík, leggur til að Stjórn FSÍ setji reglur varðandi gjaldtöku aðgangs að fimleikamótum á vegum FSÍ. Stuðst verði við og/eða hugað að; samræma upphæð, taka tilliti til flokkunar á mótum A-B-C, dómarar og Þjálfarar – passar, keppendur sem greiða mótsgjald fái frían aðgang að öðrum hlutum mótsins, ákvarða hvaða aldur skuli miða við fyrir börn. 16 ára?, fararstjóri (ákveðinn fjöldi miðað við fjölda keppenda) sem kemur með keppendum á mót fái aðgang að mótinu og hugsanlega greiða eitt aðgangsgjald fyrir allt mótið ef það nær yfir fleiri en einn dag eða hluta.“

Tillagan samþykkt samhljóða.

ii) Þskj. 3 og 13 eru tekin saman hljóðuðu á eftirfarandi máta eftir meðferð í nefndinni.

„Þing Fimleikasamband Íslands, haldið 4. maí 2013 í Reykjavík, leggur til að Stjórn FSÍ setji óskir félaganna varðandi eftirfarandi mál í farveg: Að dagsetningar formannafunda og fimleikaþings verði sett í dagatal sambandsins ásamt öðrum þeim viðburðum sem mikilvægir eru eigi síðar en í lok ágúst ár hvert.“

Nefndin leggur til að tillögunni verði vísað til stjórnar.

Tillagan samþykkt samhljóða.

iii) Þskj. 15 hljóðaði á eftirfarandi máta;

„Þing Fimleikasamband Íslands, haldið 4. maí 2013 í Reykjavík, leggur til að skoða verði hversu margir iðkendum níu ára og eldri stundi fimleika á Íslandi.“

Þskj. 15 endaði hjá allsherjarnefnd fyrir misskilning. Nefndin beinir því til stjórnar að finna þessari tillögu farveg innan viðeigandi nefnda.

Afgreiðslu frestað.

iv) Þskj. 20 hljóðaði á eftirfarandi máta;

„Þing Fimleikasamband Íslands, haldið 4. maí 2013 í Reykjavík, samþykkir að ráðinn verði sviðstjóri fræðslumála FSÍ.“

Tillagan var samþykkt í nefndinni og framkvæmdinni beint til stjórnar.

Berglind: Þingheimur á ekki að búa til starfslýsinguna. Jón: Hefur þingið eitthvað að gera með það hvaða starfsmaður er ráðinn? Erum við ekki að binda hendur stjórnar sambandsins fullmikið? Þorgerður: Við vorum með starfsmann í hálfu starfi, Vilborgu, sem er nýhætt. Þar af leiðandi eru hennar verk komin á annarra manna hendur. Vilborg sá bæði um mótamál og fræðslumál og þau mega ekki detta dauð niður. Stjórnin ber jú ábyrgð á starfsmannamálum en það er samt gott að fá þetta samtal sem varð til dæmis í allsherjarnefnd um starfssvið vítt og breitt. Óttar í stjórn Fimleikasambandsins Ármanns: Lykilhlutverk stjórnar og framkvæmdastjóra að ráða starfsfólk og gera fjárhagsáætlun. Í áætluninni er núna ekkert um tekjuöflun og það vantar sárlega. Ég styð tillögu um að vísa framkvæmdinni til stjórnar.

Þskj. 20 var samþykkt með þorra greiddra atkvæða gegn einu mótatkvæði.

v) Þskj. 21 hljóðaði á eftirfarandi máta eftir meðferð í nefndinni;

„Þing Fimleikasamband Íslands, haldið 4. maí 2013 í Reykjavík, leggur til að Stjórn FSÍ stofni samráðshóp um dómaramál.“

Þetta þingskjal er fyrst og fremst sett fram til kynningar og umræðu eins og þskj. 20 og er vísað til stjórnar til frekari úrvinnslu.

Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir: Hún gerði athugasemd við það að samráðshópur um dómaramál ætti að hafa samráð við sjálfan sig. – Tillagan gengur þó út á að stofna samráðshópinn.

Þskj. 21 var samþykkt samhljóða.

vi) Þskj. 22 hljóðaði á eftirfarandi máta;

„Þing Fimleikasamband Íslands, haldið 4. maí 2013 í Reykjavík, leggur til að Stjórn FSÍ stofni mótanefnd.“

Þskj. 22 var samþykkt með þorra greiddra atkvæða gegn tveimur.

b) Mótanefnd

Formaður mótanefndar, Sólveig Jónsdóttir, gerir grein fyrir störfum nefndarinnar.

i) Þskj. 4 hljóðaði á eftirfarandi máta eftir meðferð í nefndinni;

„Þing Fimleikasamband Íslands, haldið 4. maí 2013 í Reykjavík, leggur til að innan hópfimleika verði stofnuð B.deild þannig að keppendum á FSÍ mótum verði getuskipt.“

Nefndin samþykkir að vísa þessari tillögu til tækninefndar í hópfimleikum.

Jarþrúður: Hver var afstaða hópsins? Sólveig: Tillaga um að einfalda reglurnar meira. Reglurnar eru álitnar of þungar. Svo voru vangaveltur um hvort upplifunin yrði vond ef getuskiptingin væri alla leið. Jarþrúður: Í allsherjarnefnd varð umræða um þskj. 15, hvort ekki væri eðlilegra að getuskipta. Við hjá Fjölni höfum ekki getað sent okkar stelpur á mót.

Þskj. 4 var samþykkt samhljóða.

ii) Þskj. 6 hljóðaði á eftirfarandi máta eftir meðferð í nefndinni;

„Þing Fimleikasamband Íslands, haldið 4. maí 2013 í Reykjavík, leggur til að FSÍ reyni eftir fremsta megni að raða mótum þannig niður að ekki sé keppt langt fram eftir á sunnudögum.“

Ef óhjákvæmilegt er að raða móti með þeim hætti þá skal reyna eftir fremsta megni að félög sem eiga um langan veg að fara keppi í fyrri hluta mótsins.“

Þskj. 6 var samþykkt samhljóða.

iii) Þskj. 8 & 16 voru tekin saman og sameinuð í þskj.24. Þskj. 24 hljóðaði á eftirfarandi máta eftir meðferð í nefndinni;

„Þing Fimleikasamband Íslands, haldið 4. maí 2013 í Reykjavík, leggur til eftirfarandi breytingar á móta- og keppnisreglum FSÍ. Til að öðlast þátttökurétt á mótum Fimleikasambandsins fyrir komandi tímabil þarf að skila inn áætlun um fjölda þátttakenda á mótum vetrarins fyrir 15. september ár hvert. Ekki er um bindandi skráningu að ræða, heldur áætlun til að auðvelda skipulag á mótum vetrarins með hag keppenda í huga.

Bindandi skráning:

Áhaldafimleikar

- *Frjálsar æfinga, 1. þrep og 2. þrep – skráning í síðasta lagi 2 vikum fyrir mót, engin afskráning.*
- *3. þrep og niður – skráning í síðasta lagi 4 vikum fyrir mót, engin afskráning.*

Almennir fimleikar

- *Skráning í síðasta lagi 4 vikum fyrir mót, engin afskráning.*

Hópfimleikar

- *Skráning í síðasta lagi 4 vikum fyrir mót, nafnalisti þarf að berast í síðasta lagi 2 vikum fyrir mót.“*

Spurning úr sal: Er ekki hægt að afskrá lið? Sólveig: Jú, ef nafnalisti hefur ekki verið sendur.

Þskj. 24 samþykkt samhljóða.

iv) Þskj. 9 & 14 voru tekin saman og sameinuð í þskj. 25. Þskj. 25 hljóðaði á eftirfarandi máta eftir meðferð í nefndinni;

„Þing Fimleikasamband Íslands, haldið 4. maí 2013 í Reykjavík, leggur til að aðildarfélag Fimleikasambandsins geti sótt um einstaka mót.“

Jarþrúður: Var eitthvað rætt um hverju væri fylgt, ef tvö félög sæktu um sama mótið? Sólveig: Reynt verður að hafa ekki tvo viðburði á sama tíma. Þorgerður: Margir hafa lýst yfir áhuga á að reglur séu skýrari, staðalbúnaður o.fl. Jarþrúður með tillögu um að setja niður skýrari reglur um mótahald og skiptingu móta. Aths. úr sal: Við viljum skipta upp í stráka- og stelpu- en þá þyrfti að leyfa tvo viðburði á sama tíma.

Þskj. 25 Samþykkt samhljóða.

c) Fræðslunefnd

Formaður fræðslunefndar, Erla Ormarsdóttir, gerir grein fyrir störfum nefndarinnar.

i) Þskj. 10 hljóðaði á eftirfarandi máta eftir meðferð í nefndinni;

„Þing Fimleikasamband Íslands, haldið 4. maí 2013 í Reykjavík, leggur til tækninefndirnar FSÍ bjóði yfirþjálfurum aðildarfélaganna í viðkomandi grein á samráðsfundi einu sinni á önn, þegar að dagatal FSÍ og mótaskrá sambandsins liggja fyrir. Fundirnir yrðu þá sérhæfðir út frá hverri tækninefndum fyrir sig út frá áherslum og verkefnum vetrarins.“

Spurning úr sal: Ef landsliðsverkefni, á að boða landsliðsþjálfara? Erla: Mér fundist eðlilegt að það yrði gert, þjálfari gæti þá kynnt áherslur sínar hverju sinni.

Þskj. 10 samþykkt samhljóða.

d) Nefnd um hóp fimleika

Formaður nefndar um hóp fimleika, Auður Inga Þorsteinsdóttir, gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

i) Fengu þskj. 4. til umfjöllunar, en kom á daginn þessi tillaga hafði þegar verið samþykkt. Auður sagði að starfsnefndin hefði tekið jákvætt í málið.

ii) Þskj. 12 hljóðaði á eftirfarandi máta eftir meðferð í nefndinni;

“Þing Fimleikasamband Íslands, haldið 4. maí 2013 í Reykjavík, leggur til að settar verði reglur um aðlögunartími fimleikafélaga til að uppfylla breytingar á keppnisreglum.”

Nefndarmenn töldu að æskilegt sé taka upp þann hátt sem þar er kynntur og leggja til að tillögunni verði vísað til tækninefndar.

Þskj. 12 samþykkt samhljóða.

iii) Þskj. 5 hljóðaði á eftirfarandi máta;

“Þing Fimleikasamband Íslands, haldið 4. maí 2013 í Reykjavík, leggur til að reglur um réttindi þjálfara á mótum, til þess að gera athugasemdir við dómgæslu, verði endurskoðaðar.”

Ekki er hægt að kæra einkunn í hópfimleikum þannig að það hefur ekkert upp á sig að kæra hana, það er bara hægt að kæra tæknileg atriði. Það þyrfti að gefa út hver er yfirdómari þar sem það liggur ekki alltaf fyrir.

Fleiri starfsnefndir fengu þskj.5 til umfjöllunar og því var formönnum þeirra nefnda boðið að koma upp og skýra frá álitum sinna nefnda áður en gengið væri til atkvæðagreiðslu um þetta þingskjal.

Fulltrúi nefndar um áhaldafimleika kvenna, Sandra Matthíasdóttir, sagði skorta á einkunnasýningarspjöld á mótum.

Fulltrúi nefndar um áhaldafimleika karla, Axel Ólafur Þórhannesson, sagði reglur FSÍ skýrar en tók undir með Auði að sýnileiki dómara þyrfti að vera meiri.

Þskj. 5 var samþykkt samhljóða.

d) Nefnd um fimleika fyrir alla

Formaður nefndar um fimleika fyrir alla, Hlíf Þorgeirsdóttir, gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

i) Þskj. 7 hljóðaði á eftirfarandi máta eftir meðferð í nefndinni;

„Þing Fimleikasambands Íslands, haldið 4. maí 2013 í Reykjavík, samþykkir að Parkour verði hluti af sýningarfimleikum innan FFA. Þingið leggur ríka áherslu á að þjálfarar sem taka að sér þjálfun /kennslu hafi öðlast þjálfararéttindi FSÍ.“

Niðurstöður nefndar var einhuga og leggur hún til að parkour verði hluti af sýningarfimleikum innan FFA. Tillagan gengur lengra en sú sem fyrir var.

Þskj. 7 var samþykkt samhljóða.

e) Fjárhagsnefnd

Formaður fjárhagsnefndar, Helgi Jóhannesson, gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

i) Þskj. 23 hljóðaði á eftirfarandi máta;

„Þing Fimleikasambands Íslands, haldið 4. Maí 2013 í Reykjavík, samþykkir viðbætur á reglugerð um dómgæslu, að FSÍ greiðir dómurum á mótum Fimleikasambandsins fyrir dómgæslu og innheimtir greiðslu hjá þeim félögum sem tóku þátt á mótinu í samræmi við útlagðan kostnað vegna dómgæslu og keppendafjölda félaganna á mótinu.“

Nefndin ákvað að vísa þessu erindi til stjórnar til framkvæmdar.

Þskj. 23 var samþykkt með þorra greiddra atkvæða gegn einu.

ii) Þskj. 19 hljóðaði á eftirfarandi máta eftir meðferð í nefndinni;

„Þing Fimleikasambands Íslands, haldið 4. Maí 2013 í Reykjavík, samþykkir breytingu á innheimtu þjónustugjalda FSÍ, þannig að upphæð gjaldsins verði ákveðið á hverju þingi fyrir sig í tengslum við samþykkt fjárhagsáætlun.“

Nefndin fékk þverskurð af þingheimi til að vera með í vinnunni, héðan og þaðan af landinu. Breytingartillaga var lögð fram. Ef þjónustugjaldið hefði verið tekið af hefði fjárhagsáætlun verið með neikvæðum formerkjum. Nefndin mælir með að það verði óbreytt eins og staðan er núna.

Arnar: Þjónustugjaldið var sett á þegar sambandið var illa statt. Í dag er þetta skattur en við viljum ná gjaldinu inn í gegnum þjónustu. Við gefum okkur eitt ár til að auka þjónustuna og leggja skattinn af. Við viljum gefa félögum það val að kaupa þjónustu sem gæfi þá tekjur á móti.

Jón Finnbogason: Það er ekki lengur verið að leggja til að gjaldið verði lagt niður 31. maí 2014. Skv. efnahag félagsins sem samþykktur var fyrr á fundinum, er staðan langtum betri heldur en þegar gjaldið var lagt á í upphafi. Það þarf að vera hægt að borga skrifstofukostnað. Vandinn er ekki lengur til staðar. Skattur sem lagður er á undir ákveðnum kringumstæðum á að leggja niður þegar vandinn er um garð genginn. Ég legg til þá breytingu að gjaldið verði fellt niður. Ef við viljum ná peningunum þarf að leggja á nýjan skatt en ekki þykjast byggja á þeim grunni að við séum í vandræðum. Vandinn er afstaðinn.

„Fimleikasambandið mun ekki krefjast viðkomandi gjalds eftir 31. maí 2014.“

Ingvar: Fjárhagur sambandins er vissulega sterkur í augnablikinu en samt var tap á síðasta ári. Áður en breytingar verða gerðar þarf að taka upp fjárhagsáætlunina. Gjaldtaka þarf að vera í samræmi við hana. Þingið á að ákveða það. Undanfarna níu mánuði hefur það verið 130 kr. á hvern iðkanda á mánuði. Útreikningar fyrir hvert félag eru einfaldir. Ég er mótfallinn því að fella gjaldið alfarið niður.

Þorgerður: Þegar starfsmaður lætur af störfum og annar tekur við fellur kostnaður á sambandið. Laun og launatengd gjöld eru hærri á árinu 2012 af þeim sökum. Það verður tvöfaldur kostnaður í ákveðinn tíma. Starfsemi FSÍ er auðvitað starfsemi aðildarfélaganna líka. Það að ég leggi til að skattur verði felldur niður, kann að koma einhverjum á óvart, en það er von og bjartsýni í brjóstum okkar. Við getum sótt styrktarfé út fyrir ramma ykkar vegna ykkar góðu starfa. Fjöldi ykkar hefur aukist og velgengin líka. Síðustu 10-15 ár hefur verið unnið kraftaverkastarf í hreyfingunni. Íþróttasamtökin hafa tekið eftir okkur og samstarfsaðilar eru farnir að horfa til okkar og þess vegna komum við með þessa tillögu inn á þingið. Þið eigið að nota ykkar fjármuni til að styðja við ykkar starf. Á síðustu tveimur árum höfum við fengið tvo samstarfsaðila, annar er TM - tryggingafélagið. Arion banki hefur líka styrkt okkur á undanförunum árum og með afrekssjóðnum höfum við lagt inn fé. Við getum

farið út á markað til að sækja fé til að standa undir FSÍ. FSÍ er með mjög fáa starfsmenn á sínum snærum miðað við öll sérsambönd sem eru sambærileg að stærð. Ef við aukum við starfsemina og fáum til liðs við okkur gott fólk sjáum við líka fyrir okkur að auka tekjur til sambandsins. Í þeirri bjartsýni leggjum við fram þessa tillögu, en líka í ljósi orða varaformannsins að skatturinn hafi komið til þegar FSÍ gat ekki greitt útistandandi skuldir. Þið komuð FSÍ til bjargar. Umræðan hefur þá að minnsta kosti verið tekin hér og við þökkum ykkur. Nú höfum við aukið tekjumöguleika okkar úti á markaði, þökk sé ykkar góða starfi.

Jón Þór: Það er ekki oft sem stjórn þarf að leggja að félagsmönnum sínum að fella niður skatt. Það eru fleiri leiðir í boði til að afla félaginu tekna og við ættum að taka þessu með þökkum.

Jón Finnbogason: Ég get tekið undir margt af því sem Ingvar sagði en líka Jón Þór. Skoðum dagsetninguna. Næsti aðalfundur verður áður en 31. maí rennur upp. Við eigum að fella gjaldið niður en þegar forsendur breytast er eðlilegt að ákvarðanir breytist. Það er fullglannalegt að fella þetta niður strax.

Sigurveig: Miðað við áætlun fyrir árið 2014 virtist ekki hægt að fella gjaldið niður. Kannski vænkast hagarinn en það er of fljótt að ákveða að fella gjaldið niður. Sjáum næstu fjárhagsáætlun.

Breytingartillaga (um að upphæð gjaldsins verði ákveðin á hverju þingi fyrir sig í tengslum við samþykkt fjárhagsáætlunar) við þskj. 19 var **felld**.

Þskj. 19 eins og það hljómaði upphaflega var því borið fram;

„Þing Fimleikasambands Íslands, haldið 4. Maí 2013 í Reykjavík, samþykkir breytingu á innheimtu þjónustugjalda FSÍ. Stjórn FSÍ vill því falla frá því að rukka svokallaðan nefskatt og festa upphæðina sem var til greiðslu 2012-13 fyrir árið 2013-14. Fimleikasambandið mun ekki krefjast viðkomandi gjalds eftir 31. maí 2014.“

Þskj. 19 eins og sú tillaga var lögð fram var samþykkt með þorra greiddra atkvæða gegn 10.

17.3 Starfsáætlun til tveggja ára,

Formaður fjárhagsnefndar, Helgi Jóhannesson, sagði frá umræðu í nefndinni um starfsáætlun, en nefndin ákvað að vísa henni til stjórnar til frekari úrvinnslu.

17.4 Fjárhagsáætlun til tveggja ára,

formaður fjárhagsnefndar Helgi Jóhannesson, gerði grein fyrir fjárhagsáætlun 2014-2015:

Við erum í samstarfi við fyrirtæki, þiggjum ekki endilega styrki, því að við höfum ýmislegt að selja. Fjárhagsáætlun er breytt til samræmis við þær ákvarðanir sem teknar hafa verið á þinginu í dag, m.a. að ráða starfsmann til fræðslumála.

Ingvar: Þetta er ekki fjárhagsáætlunin sem nefndin afgreiddi frá sér. Í fyrsta lagi gerðum við ráð fyrir óbreyttum þjónustugjöldum en nú erum við búin að samþykkja að þau verða felld

niður. Svo er gert ráð fyrir að fjölga starfsfólki. Nú þegar er nægt starfsfólk. Eina vissan í fjárhagsáætlun er alltaf útgjöldin. Ég skora á stjórnina að ráða ekki öllu fleira starfsfólk. Það er skemmtilegra að ráðstafa hagnaði en skipta tapinu þannig að við ættum að ræða þetta frekar árið 2015. Ég held að markaðurinn verði mettaður eftir Evrópumótið á næsta ári þannig að ég held að við ættum frekar að skrúfa okkur niður en upp í útgjöldum.

Óttar: Ég tek undir með Ingvari, þessi tillaga hér er ekki sú sem við ræddum í nefndinni. Ég vil skilja hvað er í gangi og sá með einföldum útreikningum það sem Jón var að lýsa. Tillagan sem við samþykktum í nefndinni gengur eins langt og við teljum hægt að ganga. Við getum hvorki talið fugla fyrr en við höfum náð þeim né egginn fyrr en búíð er að verpa þeim.

Jón Finnbogason: Ég lít ekki svo á að okkar ágæti framkvæmdastjóri hafi fundið það upp hjá sjálfum sér að breyta fjárhagsáætlun. Þegar forsendur breytast er eðlilegt að skipta um skoðun. Framkvæmdastjórinn fylgist með þeim ákvörðunum sem hér eru teknar í dag og breytir áætlun sinni í því ljósi. Við þurfum að taka tillit til ákvarðana bæði í tekjum og útgjöldum. Það er allt annað að nálgast styrktaraðila í dag en áður, það er auðveldara. Ég tek undir þau varnaðarorð sem hér hafa verið sögð en hallast að því að treysta fjárhagsáætlun framkvæmdastjórans.

Arnar: Það er verið að vinna í ýmsum auglýsingum sem munu skila tekjum. Tekjuhliðin er mjög varlega áætluð.

Fundarstjóri: Sú áætlun sem hér er rædd gengur lengra en upphaflega áætlunin sagði til um.

Ingvar: Það er mikilvægt að menn átti sig á hvað þeir eru að samþykkja með fjárhagsáætlun. Mér finnst nóg að hafa tvo og hálfan starfsmann. Menn mega ekki búa sér til stærri ramma en þeir ráða við.

Arnar: Tveir og hálfur starfsmaður vs þremur – 50% starfsmaður er alltaf erfiðari en heill. Hér er ekki of mikið í lagt ef maður ber saman við KSÍ. Ef við viljum að hlutirnir séu unnir betur þarf einhver að gera það, ekki satt?

Þorgerður: Ég met mikils þau varnaðarorð sem hér hafa komið fram og skil þau vel. Risavaxið verkefni er framundan. Þegar við lögðum þessa fjárhagsáætlun fyrir lá fyrir að við þyrftum þrjá starfsmenn. Það er ekki sanngjarnt að tala um að tveir og hálfur séu nóg. Það er sá liður sem flestir hafi skoðun á. Við teljum okkur þurfa þrjá starfsmenn til að auka umsvif okkur og til að ná í samstarfsaðila og til að sinna þeim störfum sem við blasa. Starfsmannafjöldinn er of lítill. Og nú er Evrópumeistaramótið framundan.

Þór: Umræðan er komin út fyrir umfjöllunarefnið. Fjárhagsáætlunin þarf að standast og við verðum að sýna ábyrgð. Við höfum ekkert rætt stóra málið, Evrópumeistaramótið. Ef illa fer, sem enginn gerir ráð fyrir, verður stórslys. Það er gert lítið úr fundarmönnum með því að rífast um hvort starfsmenn eigi að vera tveir og hálfur eða þrír. Excel-skjalið er ekki með nægum upplýsingum. Svo er hnútukast um starfsmannafjölda, það er óábyrgt. Ég mun ekki samþykkja fjárhagsáætlunina á þeim forsendum að ég hef ekki forsendur til þess.

Fjárhagsáætlun var borin undir atkvæði og fór atkvæðagreiðsla svo að tillagan var felld.

Ingvar: Ég legg til að vinnu við fjárhagsáætlunina verði vísað til stjórnar til frekari úrvinnslu og verði tekin upp á formannafundi í haust og afgreidd þar.

Sú málamiðlun var samþykkt samhljóða.

18 Kosningar.

Fundarstjóri leitaði afbrigða hjá þingheimi til að hægt yrði að kjósa í stjórn eftir nýju lögnum. Sú tillaga var samþykkt samhljóða.

Kosið skyldi til stjórnar og formanna allra fastanefnda.

18.1 Kosning stjórnar

Auður Inga Þorsteinsdóttir, formaður kjörnefndar, gerði grein fyrir þeim sem boðið hafa sig fram til kjörs í hin ýmsu embætti sem kosið verður í á fundinum. Samkvæmt lögum FSÍ þurfa tilkynningar um framboð til formanns, stjórnar eða formennsku nefnda sem sæti eiga í stjórn FSÍ skulu berast skrifstofu sambandsins minnst tveimur vikum fyrir fimleikaþing. Kjörnefnd er þó heimilt að samþykkja framboð sem fram kemur síðar ef nægjanlegur fjöldi hefur ekki tilkynnt framboð sitt innan áðurgreinds frests.

Á miðnætti 19. apríl sl. rann út framboðsfrestur til formanns, stjórnar og formanna eftirtalinna nefnda, tækninefndar karla, tækninefndar kvenna og tækninefndar í hópfimleikum.

Eitt framboð barst til formanns FSÍ, frá núverandi formanni Þorgerði Laufeyju Diðriksdóttur. Er hún því réttkjörin formaður Fimleikasambands Íslands.

Klappað fyrir nýkjörnum formanni Fimleiksambands Íslands.

Fjögur framboð bárust til stjórnar: Arnar Ólafsson, Einar Ólafsson, Jósep Húnfjörð og Guðrún Dóra Harðardóttir.

Eru þau því réttkjörin stjórn FSÍ Kjöri lýst og klappað fyrir nýkjörinni stjórn

Ekki var búið að finna einstaklinga í varastjórn, og óskaði því þingforseti eftir framboðum úr sal.

Fjögur framboð bárust úr sal: Guðrún Vaka Sigurðardóttir, frá fimleikafélagi Akureyrar, Kristín Ívarsdóttir úr fimleikadeild Ármanns, Jarþrúður Hanna Jóhannesdóttir, frá fimleikadeild Fjölnis, og Hlín Bjarnadóttir frá Ungmennasamband Kjalarnesþings (UMSK)

Klappað fyrir framkomnum framboðum og eru þau réttkjörnir varamenn í stjórn

18.2 *Aðrar kosningar.*

a) Formaður tækninefndar karla

Eitt framboð barst til formanns tækninefndar karla, Sigurður Hrafn Pétursson, og er hann því réttkjörinn. Klappað fyrir formanni tækninefndar karla.

b) Formaður tækninefndar kvenna

Eitt framboð barst til formanns tækninefndar kvenna, Halla Karí Hjaltsted, og er hún því réttkjörin. Klappað fyrir formanni tækninefndar kvenna

c) Formaður Tækninefndar í hópfimleikum

Eitt framboð barst til formanns tækninefndar í hópfimleikum, Íris Svavarsdóttir, og er hún því réttkjörin. Klappað fyrir formanni tækninefndar í hópfimleikum

d) Skoðunarmenn reikninga

Tveir gáfu kost á sér sem skoðunar menn reikninga, þeir Hafsteinn Þórðarson og Jochum Ulriksson. Eru þeir því réttkjörnir. Klappað var fyrir skoðunar mönnum reikninga.

e) kosning þriggja fulltrúa og þriggja til vara í kjörnefnd.

Tillaga um að vísa kosningu fulltrúa í kjörnefnd til stjórnar. Samþykkt einróma.

f) kosning þriggja fulltrúa og þriggja til vara í laga- og reglunefnd til eins árs.

Þrjú framboð bárust til laga og reglunefndar, Hjalti Geir Erlendsson, Jón Finnbogason og Þóra Margrét Hjaltsted. Eru þau því réttkjörin. Klappað fyrir fulltrúum í laga og reglunefnd FSÍ.

g) Kosning formanns fræðslunefndar.

Eitt framboð barst til formanns fræðslunefndar, Guðmundur Þór Brynjólfsson, og er hann því réttkjörinn. Klappað er fyrir formanni fræðslunefndar

h) kosning formanns nefndar um fimleika fyrir alla

Eitt framboð barst í formann nefndar um fimleika fyrir alla, Hlíf Þorgeirsdóttir, er hún því réttkjörin. Klappað fyrir formanni nefndar um fimleika fyrir alla.

i) Val fulltrúa á Íþróttþing

Lögð fram tillaga um að vísa skipun fulltrúa á íþróttþing til stjórnar. Samþykkt einróma.

19 Önnur mál.

19.1 *Önnur mál*

Birna Björnsdóttir gat ekki látið undir höfuð leggjast að minnast þess að Fimleikasambandið er 45 ára á árinu [þingheimur tók undir með klappi]. Svo óskaði hún stjórninni og sambandinu til hamingju með að hafa náð Evrópumótinu sem hún var búin að bíða lengi eftir. Loks kom stjórn sem tók af skarið. Grasrótin, 7.000 börn í félögunum, þarf að fá að vera með í hátíðum og keppnum og mótum. Hún fór á fimleikalíf og horfði á keppendur keppa og sýna sig. Standardinn var kannski ekki hár en þetta var yndislegt. Ekki geta allir verið afreksmenn. Svo hvatti hún formenn að taka höndum saman um að styrkja þjálfara til að mynda sýningarhópa, bæði almennt og vegna Evrópumótsins. Hún lagði áherslu á hin jákvæðu gildi fimleikanna.

Auður Vala nefndi samning ÍSÍ við Flugfélag Íslands. og hún hvatti menn til að taka höndum saman.

Þór óskaði stjórn og formönnum til hamingju með verðskuldað kjör en vildi fara að sjá afreksstefnuna.

Hlín Bjarnadóttir tók undir að ýmislegt hefði vantað í nefndastörf þingsins, ekki síst afreksstefnuna. Það hefði tekið að minnsta kosti mánuð að vinna hana. Stjórn verður að fjalla um hana og gefa hana svo út. Mikið og fagleg vinna hefði verið lögð í hana og nú væri brýnt að klára hana. Annað hitamál sagði hún vera ómótaðar keppnisreglur í heild sinni, þær væru óyfirlesnar á vefnum, þyrfti að samræma. Það vantar líka meira upplýsingaflæði í hreyfingunni. Mótshald verður að vera tilbúið viku fyrir mót. 9.000 stunda fimleika á Íslandi og við hljótum að geta staðið betur saman, byggt á grunni FSÍ. Á fyrri árum hefur fólk ekki fengið að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, hvorki við stjórn né formenn. Ný stjórn þarf að skipa nýja nefndir. Fólk verður að standa saman og rífa fimleikana upp. Erlendis eru greinarnar níu en hér heima fimm.

20 Ávarp formanns.

Þorgerður Diðriksdóttir, endurkjörinn formaður, tók undir ýmislegt sem komið hafði fram, bæði í nefndunum í dag og í lokin. Sviðsstjóri fræðslumála, sem enn á eftir að ráða, getur vonandi komið að starfinu við afreksstefnuna. Plaggið verður á endanum mun víðtækara en afreksstefna. Önnur fræðslumál og mótamál brenna líka á sambandinu og formaður hlakkar til samstarfsins við nýja stjórnar- og varastjórnarmenn í framhaldinu. Upplýsingar eru stóra framtíðarmálið og þar geta allir lagt sitt af mörkum. Formaður bar upp ályktun sem var samþykkt samhljóða

„Fimleikabing 2013 ályktar að ÍSÍ beiti sér fyrir að ná hagstæðari samningum vegna fargjalda aðildarfélaganna innanlands.“

21 Þingslit.

Þingforseti þakkaði fundarmönnum gott þing og sleit þingi kl. 18.